

Kennsluáætlun 1

Textílmenn

Veturinn 2018 - 2019

8. - 10. bekkur

Bundið val

Kennari: Kristbjörg Hermannsdóttir

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf og frekara nám á sviði verkgreina. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmenn og heimilisfræði. Í þeim fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafla sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verkfærni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra að líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Verklegr kunnátta hvílir á hefðum, tækni og verklagi sem mikilvægt er að nýjar kynslóðir tileinki sér. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

Verkgreinar sem kennslugreinar eiga sér langa sögu. Markmið þeirra hefur bæði verið að búa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska þeirra. Umhverfi okkar byggist að miklu leiti á tækni sem er einn af skapandi þáttum menningar og mótar ásýnd hennar, inntak, merkingu og tilgang. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu. Verkfærni og skilningur, sem byggist á rótgrónum hefðum handverks, er einnig undirstaða að öflugri verkmenningu og nýsköpun. Að skilja og vera læs á umhverfið er forsenda þess að hafa áhrif á það.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi eigið fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Lykilhæfni

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Hæfniviðmið við lok 10. bekkjar samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla greinasvið 2013.

Handverk, aðferðir og tækni.

- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða
- rökstutt eigið val á textílefnis eftir viðfangsefni og efnisfræði
- unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf

Sköpun, hönnun og útfærsla.

- beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu
- skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt
- lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök

- nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði

Menning og umhverfi.

- útskýrt tjáningarmáta og tákn textíla og tísku út frá mismunandi stíl, áferð og efniskennd, í tengslum við sérkenni íslenskrar textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs
- fjallað um helstu tákn og merkingar vefjarefna
- sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textílhönnun
- sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd

Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: *Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun.*

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Námsefni:

- Uppskriftir og vinnulýsingar frá kennara
- Fagblöð, bækur og internetið

Markmið í 8. -10. bekk, bundnu vali, þar sem horft er til hæfnimarkmiða unglunga stigs samkvæmt aðalnámsskrá:

Að nemendur geti:

- rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði,
- beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu,
- skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt,
- lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök,
- nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði.
- fjallað um helstu tákn og merkingar vefjarefna
- áttað sig á mismunandi grunnbindindingum, hráefnum og bandi
- sagt frá sögu íslenska búningans í stórum dráttum
- sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textílhönnun,
- sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.
- orðið að mestu leiti sjálfstæðir í hekli, prjóni eða útsaum
- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða
- unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf
- náð góðum tókum á að sauma í saumavélinni
- tekið þátt í hópavinnu í bóklegum hluta fagsins og kynnt fyrir bekknum
- hlustað og fylgt leiðbeiningum kennara
- unnið af áhuga og samvirkusemi
- þjálfað frjóa og skapandi hugsun
- sýnt umburðarlyndi og hjálpsemi
- vandað frágang á verkefnum
- gengið frá eftir sig

- gengið vel um tól og tæki í kennslustofunni

Bóklegi þáttur námsins rúllar í 3 ára kerfi í kennsluáætlun 1-3.

Kennsluáætlun 1: Textíll og umhverfisvitund, vefjarefnafræði/meðferðarmerkingar

Kennsluáætlun 2: Saga textíls og tjáning, vefjarefnafræði/grunnbindingar

Kennsluáætlun 3: Textílhönnuðir, íslenski búningurinn

Leiðir:

Nemendur vinni verkefni með leiðsögn kennara þar sem leitast er við að efla sköpunarhæfileika og sjálfstraust þeirra. Hæfniviðmið eru höfð til hliðsjónar við verkefnaval.

Námsmat:

Stuðst er við frammistöðumat þar sem m.a. virkni og vinnubrögð í tímum eru metin. Auk þess er horft til allra hæfnimarkmiða og einstakir matsþættir valdir og metnir sérstaklega.

Verkefni skólaárið 2018 - 2019

Kennsluáætlun 1

Verkefni	Lýsing	Hæfniviðmið
Markmiðssetning	Nemendur setja sér markmið fyrir veturinn, velja sér verkefni og gera tímaáætlun.	
Hekl	Nemendur læra undirstöðu í hekli. Kennar verða aðferðir: Loftlykkja, fastapinni og stuðull.	Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða.
Vinna í höndum	Nemendur velja sér vinnu í höndum. Boðið verður upp á val milli fjölbreyttra prjóna, hekl og útsaumsverkefna.	Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða. Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði. Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.
Bóklegt	Nemendur læra um textíl og umhverfisvitund, að auki verður farið yfir helstu tákni og merkingar vefjarefna. Nemendur vinna einir eða í hópum að verkefnum þessu tengdu og skila í formi kynningar og skriflegra verkefna.	Fjallað um helstu tákni og merkingar vefjarefna. Sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.
Snið, máltaka og vélsaumur	Nemendur læra að taka mál, taka upp snið og merkja fyrir saumförum. Farið yfir helstu atriði tengd saumavélinni og nemendur hafa val á milli fjölbreyttra vélsaumsverkefna t.d. ungbarna sængurver, barnaföt eða föt á sig sjálf.	Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða. Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði. Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.
Sjálfsmat	Nemendur leggja mat á nám sitt í heild, vinnubrögð, handbragð og nota til þess viðeigandi hugtök	Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði.
Aukaverkefni	Í samráði við kennarann	

Birt með fyrirvara um breytingar
Kristbjörg Hermannsdóttir